

REGLUR

um gul viðvörunarljós á ökutækjum.

1. gr.

Á vegheflum, snjóplógum og ökutækjum, sem notuð eru við gatnahreinsun og merkingu á yfirborði vega, svo og á öðrum ökutækjum, sem sérstaklega eru gerð til vegavinnu, skal vera eitt eða fleiri ljósker með gulu ljósi, sem kviknar og slokknar á víxl. Ljósið skal vera sjáanlegt frá öllum hliðum í a. m. k. 150 m fjarlægð og hafa tíðni 100—150 rið á mínútu.

Ljóskerin skulu vera á þaki stýrishúss og þannig að ljósið valdi öikumanni eigi glýju. Ljósín skulu tengd sérstökum ljósabúnaði, er gefi öikumanni til kynna, hvenær þau eru í notkun.

Ljósabúnað samkvæmt 1. mgr. skal nota, þegar ökutækið er í kyrrstöðu þar sem bannað er að stöðva eða leggja ökutækjum, þegar ökutæki er ekið andstætt umferðarreglum samkvæmt heimild í umferðarlögum eða þegar akstri annars er hagað á þann hátt að valdið geti öðrum vegfarendum hættu.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda einnig um ökutæki, sem gerð eru fyrir björgunarstarf á vegum úti, og búin eru sérstökum björgunartækjum (t. d. krana). Ljósmerkjunum má þó eingöngu beita, þegar ökutæki þessi eru notuð við björgunarstarf á vegi, þar á meðal drátt annars ökutækis, sem hætta getur stafað af.

3. gr.

Óheimilt er að búa önnur ökutæki en þau, sem greinir í 1. og 2. gr., ljósabúnaði samkvæmt 1. gr.

Nú er tækjabúnaður til vegavinnu eða björgunarstarfs tekinn af ökutæki, þannig að það fellur eigi lengur undir skýringu 1. eða 2. gr., og skal þá jafnframt taka ljósabúnaðinn af ökutækinu.

4. gr.

Nú er ökutæki, sem eigi er sérstaklega gert til vegavinnu, sbr. 1. mgr. 1. gr., notað við vegavinnu, og má þá setja á ökutækið, meðan það er á vinnustað, eitt eða fleiri ljósker með gulu ljósi, sem kviknar og slokknar á víxl, ef það er talið nauðsynlegt öðrum vegfarendum til viðvörunar.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um ökutæki, sem notuð eru við síma- eða rafmagnslagnir á eða við veg.

Ljósker þessi mega eigi vera tendruð við akstur utan vinnustaðar.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld 4. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 51 15. maí 1964 um gerð og búnað ökutækja o. fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. ágúst 1969.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.